



Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Sent með tölvupósti: nefndasvid@althingi.is

Kópavogi, 7. mars 2023  
23021571/001.01 SSF

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um innleiðingu lýðheilsuáætlunar í íslenska löggjöf (Þingskjal 25 – 25. mál á 153. löggjafarþing 2022–2023)**

Kópavogsbær fagnar tillögu að innleiðingu lýðheilsuáætlunar við nýni stjórnarfrumvarpa sem lögð eru fyrir Alþingi og þakkar tækifærð til álitsgjafar.

Kópavogsbær hefur haft starfandi lýðheilsufræðing frá árslokum 2017 og hefur meðal annars nýtt sér lýðheilsuáætlun til að meta verkefni á vegum bæjarins. Bærinn stefnir á frekari nýtingu lýðheilsuáætlunar í nýjum verkefnum og til að meta verkefni aftur í tímann enda er það tekið sérstaklega fram í nýrri lýðheilsustefnu bæjarins frá 2022 til 2025.

Umfangsins vegna mætti hugsa sér að stjórnarfrumvörp þurfi að fara í gegnum forkönnun lýðheilsuáætlunar þar sem fyrir liggja nokkuð staðlaðar spurningar er snerta íbúa eða ákveðna íbúahópa með tilliti til líkamlegra, andlegra og félagslegra þátta. Gefi niðurstaða forkönnunar lýðheilsuáætlunar tilefni til að ætla að áhrif frumvarpsins séu umtalsverð fari frumvarpið í ítarlegu lýðheilsuáætlun með þátttöku fagaðila og hagsmunaaðila eftir því sem við á, þar sem skýrar er dregið fram bæði vænt jákvæð og neikvæð áhrif frumvarpsins. Þar verði lagt mat á vægi áhrifaþátta þannig að bregðast megja við og aðlaga frumvarpið þannig að dregið sé úr neikvæðum áhrifum á íbúa eða íbúahópa.

Virðingarfyllt,  
f.h. Kópavogsbæjar

Ása A. Kristjánsdóttir  
bæjarlögmaður